

Syneta

Lag: Martin Hoffman, texti: Bubbi Morthens

Milli jóla og nýárs um nótt við komum

í nístingskulda, slyddu og él.

Syneta hét skipið sem skreið við landið

með skaddað stýri og laskaða vél.

Við austurströndina stóðum á dekki

störðum í sortans kóluský.

Drunur brimsins bárust um loftið

og bæn mín drukknaði óttanum í.

Innst í firðinum sáum við ljósin lýsa

ljósin sem komu þorpinu frá.

Um síðir þau hurfu í hríðina dökku

um hjörtu okkar flæddi lífsins þrá.

Þessa nótt skipið á skrúðnum steytti

skelfing og ótti tóku öll völd.

Í bátana komumst við kaldir og þreyttir

í kolsvarta myrkri beið aldan köld.

Þá nótt við dóum Drottinn minn góður

drukknuðum bjarglausir einn og einn.

Himinn og haf sýndist saman renna

okkar síðasta tak var brimsorfinn steinn.

Í þangi við fundumst og fimm ennþá vantar

í fjörunni aldan skilaði oss.

Í hús á börum við bornir vorum
með bláa vör eftir öldunnar koss.

Ef þú siglir um sumar vinur
og sérð við Skrúðinn brimsorfin sker.
Viltu biðja þeim fyrir er fórust
þeim fimm sem aldrei skiluðu sér.

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

- Bubbi - Sögur af landi (1990)
- Bubbi - Ég er (1991)*
- Bubbi - Sögur 1980-1990 (1999)
- Bubbi - Sögur af landi (2006)*
- Bubbi - Lögin mín (2006)*
- Bubbi - Sögur af ást, landi og þjóð 1980 - 2010 (2010)
- Ýmsir - Sjómenn Íslenskir erum við (2011)